



Úthlutun Uppbyggingar- sjóðs Austurlands 2020

í Randulffssjómúsi á Eskifirði
miðvikudaginn 19. febrúar kl. 16:30



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

Uppbyggingarsjóður Austurlands

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirsku hljóðfæraleikara.



Dance school Austurland býður upp á námskeið í klassískum dansi og nútíma dansi fyrir börn, unglinga og fullorðna á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Reyðarfirði.

LungA – Listahátíð ungs fólks, Austurlandi er landskunn alþjóðleg listahátíð með áherslu á frumsköpun. Hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ár og mun „stórafmælið“ setja svip sinn á hátíðina sem stendur yfir frá 9.–19. júlí.



Dagskrá

Fundarstjóri:

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar.

Ávarp:

Forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,
Jón Björn Hákonarson.

Tónlistarflutningur.

Ávarp:

Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir*.

Afhending styrkja:

Formaður Uppbyggingarsjóðs *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir* og *Tinna K. Halldórsdóttir* verkefnastjóri hjá Austurbrú.

Tónlistarflutningur.

Ávarp:

Formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Einar Már Sigurðarson.

Lokaorð:

Bæjarstjóri Fjarðabyggðar, *Karl Óttar Pétursson*.

Léttar veitingar í boði Fjarðabyggðar

Kæru Austfirðingar

Ávarp Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur formanns stjórnar
Uppbyggingarsjóðs Austurlands á úthlutunarathöfn
19. febrúar 2020.

Í ár, líkt og fyrri ár, er ekkert lát á góðum hugmyndum,
frambærilegum verkefnum og metnaðarfullum umsóknum
í Uppbyggingarsjóð Austurlands.

Alls bárust sjóðnum 126 umsóknir en það eru fleiri
umsóknir en hafa áður borist. Áætlaður heildarkostnaður
verkefna var yfir hálfan milljarð króna en sótt var um styrki
að upphæð 193 milljónir.

Til úthlutunar að þessu sinni voru tæpar 58 milljónir sem
skiptast á milli sextíu ólíkra verkefna af öllum stærðum og
gerðum tengd nýsköpun í atvinnulífi og menningu.

Í ár var sérstök áhersla lögð á verkefni sem tengjast
áherslum í nýrri Sóknaráætlun Austurlands en þar var
sérstaklega horft til verkefna sem fela í sér sjálfbærni
tengda matarupplifun og framleiðslu, sjálfbærri
ferðamennsku, sjálfbærnitund og lífstíl auk þess
að innifela staðarstolt sem styður við jákvæða ímynd
Austurlands.

Framtíðarsýnin sem birtist í Sóknaráætlun Austurlands
til 2030 ber vott um metnað, kraft og framsækni þar sem
landshlutinn stendur á styrkum stoðum atvinnulífisins í
blómstrandi mannauðs og menningar-hafi.

Austurland er kraftmikið samfélag öflugra íbúa sem heilt
yfir starfa við hefðbundin störf í frekar stöðugu umhverfi

Þar sem fjölbreytileiki í atvinnulífinu, nýsköpun og frumkvöðlakraftur á oft erfiðara uppdráttar.

Uppbyggingarsjóður Austurlands sem er samkeppnissjóður er því mikilvæg uppspretta og stuðningur við verkefni sem þurfa frjóan jarðveg til að ná að spíra, þurfa tíma til að ná fótfestu og umhverfi sem er þeim hliðhollt í mikilvægri framþróun.

Auk þess að styrkja verkefni á sviði menningar, atvinnu og nýsköpunar veitir Uppbyggingarsjóður stofn- og rekstarstyrki á sviði menningarmála. Fagráð menningar annarsvegar og fagráð atvinnu og nýsköpunar hinsvegar gera tillögu að úthlutun til stjórnar Uppbyggingarsjóðs sem hér verður tilkynnt.

Vil ég þakka fagráðum sjóðsins ásamt starfsmönnum Austurbrúar sérstaklega fyrir þeirra faglegu vinnubrögð sem og stjórn SSA og meðstjórnendum mínum í úthlutunarstjórn Uppbyggingarsjóðs Austurlands fyrir úthlutunarárið 2020.


Að lokum vil ég óska styrkhöfum ársins sérstaklega til hamingju með þau verkefni sem valin hafa verið en þau bera einmitt öll merki um metnað, kraft og framsækni.

Það er bjart framundan á Austurlandi.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir

Tölfræði

Samtals var úthlutað **kr. 57.800.000.-**



Alls bárust 126 umsóknir um styrki og var fjallað um þær af tveimur fagráðum; annars vegar fagráði menningar sem einnig fjallaði um styrkbeiðnir til stofn- og rekstrarstyrkja. Hins vegar svo af fagráði atvinnu og nýsköpunar. Af 126 umsóknum voru 60 verkefni valin til styrkveitinga og staðfest af Úthlutunarnefnd.

Í ár var sérstaklega kallað eftir verkefnum sem tengdust áherslum nýrrar Sóknaráætlunar Austurlands.

Styrkþegar

Umsækjandi

**Sinfóníuhljómsveit
Austurlands**

Verkefni

**Hausttónleikar
frumflutningur**

Upphæð styrks

Kr. 2.500.000.–

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika þann 22. nóvember 2020 þar sem nýtt verk eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur verður frumflutt. Hljómsveitin pantaði tónverk frá Þórunni Grétu, sem er austfirskt tónskáld og jafnframt formaður Tónskáldafélags Íslands, á árinu 2019 og á þessum tónleikum má heyra afraksturinn af því samstarfi ásamt öðrum hljómsveitarverkum.

Umsækjandi

**Sinfóníuhljómsveit
Austurlands**

Verkefni

**Sinfóníuhljómsveit
Austurlands**

Upphæð styrks

Kr. 1.000.000.–

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirsku hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæranemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika víða á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutanum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.

Umsækjandi

Tandrabretti ehf.

Verkefni

**Þróun á spæni úr
íslenskum smávið**

Upphæð styrks

Kr. 2.000.000.–

Verkefnið felur í sér þróun á spæni úr íslenskum smávið til notkunar í alifugla-, svínakjöts- og mjólkurframleiðslu. Verkefnið mun auka markvissa nýtingu á skógum Fljótsdalshéraðs sem og gæði þess skógar sem eftir stendur vegna betri umhirdu, en búið er að planta í um 5.000 hektara. Verkefnið mun stuðla að minni innflutningi á samskonar vöru og minnka kolefnisspor íslensks landbúnaðar auk þess að skapa ný störf við framleiðslu á vörunni á Austurlandi.

Umsækjandi

Tandrabretti ehf.

Verkefni

Markaðssetning á viðar-pelletum til húshitunar.

Upphæð styrks

Kr. 1.500.000.–

Að kynna á traustan og trúverðugan hátt fyrir íbúum á köldum svæðum austanlands hvernig kynding með viðarperlum sem framleiddar eru í landshlutanum er hagkvæm, umhverfisvæn, notendavæn og sjálfvirk. Kynningar þessar hafa það markmið að skapa heimamarkað fyrir viðarperlur sem framleiddar eru á Austurlandi og með því styrkir það framleiðsluna og til lengri tíma mun verkefnið styrkja nytjaskógrækt á Íslandi.

Umsækjandi

Skaffell, sjálfseignarstofnun

Verkefni

Sýningardagskrá Skaffells 2020

Upphæð styrks

Kr. 2.500.000.–

This year's program at Skaffell, the East Iceland Visual Arts Center, will be focused in two main areas. Firstly, upon the artists and residents of the local community and provide an opportunity to reflect upon how we live and care for this place and gain inspirations from it. The second thread is to provide opportunities for young Icelandic artists to develop their work and experience of exhibiting in a professional capacity. The program will be over seen by the Director, Gavin Morrison.

Umsækjandi

Skaffell, sjálfseignarstofnun

Verkefni

Listfræðsluverkefni Skaffells 2020

Upphæð styrks

Kr. 600.000.–

Á hverju ári ýtir Skaffell úr vör listfræðsluverkefni og býður grunnskólanemendum á miðstigi á öllu Austurlandi ókeypis þátttöku. Þessi verkefni eru til þess fallin að auðga listgreinakennslu og auka aðgengi barna á svæðinu að listum. Í ár verður útgangspunktur verkefnisins í tengslum við hauststýningu miðstöðvarinnar sem mun hverfast um einingarhús í myndlist og byggingarlist. Auk grunnskólanemendanna mun verkefnið jafnframt standa nemum í Menntaskólanum á Egilsstöðum til boða sem er nýjung.

Umsækjandi

LungA–Listahátíð ungs fólks á Austurlandi

Verkefni

LungA Listsmiðjur, listviðburðir og LungA Lab

Upphæð styrks

Kr. 3.000.000.–

LungA– Listahátíð ungs fólks, Austurlandi er landskunn alþjóðleg listahátíð með áherslu á frumsköpun sem er rekin af hugsjón án þess að hafa hagnað að sjónarmiði (Non profit organization). Hátíðin fagnar 20 ára afmæli í ár og mun „stórafmælið“ setja svip sinn á hátíðina sem stendur yfir frá 9.–19. júlí. Hátíðin er sérstök fyrir þessa hluta sakir að hún er þátttöku listahátíð, einskonar skóli þar sem allir fá að gera eitthvað hafi þeir áhuga, þátttökugjaldi er stillt í hóf svo allir geti tekið þátt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljóni	List í Ljóni	Kr. 2.500.000.–

List í Ljóni er er einstök vetrarhátíð sem hlaut Eyrarrósina í febrúar 2019 og fagnar sínu fimmta ári í febrúar 2020.

List í Ljóni tekur á móti erlendum og innlendum listamönnum ár hvert sem koma með eða búa til listaverk á staðnum sem dreifast utandyra um allan Seyðisfjarðarbæ. Hámark hátíðarinnar er þegar við slökkvum á öllum götu- og húsaljósnum og mínútu seinna kveikjum við á listaverkunum sem lýsa upp fjörðinn með stórkostlegum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljóni	HEIMA x List í Ljóni	Kr. 500.000.–

Uniting both a major art residency (HEIMA) and renowned art festival (List í Ljóni), HEIMA x LIST Í LJÓSI is a uniquely designed programme that will specifically showcase Nordic culture and talent to East Iceland. Five celebrated artists from the Nordic region will be hosted in Seyðisfjörður to produce impressive, site-specific artwork for List í Ljóni as well as participate in a newly established symposium and panel discussion centred around the theme of sustainability this coming February.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Djúpavogshreppur	The Universe is a Poem	Kr. 1.500.000.–

Sumarið 2020 mun einkasýning samtímalistamannsins Sigurðar Guðmundssonar, The Universe is a Poem, verða í bræðslunni á Djúpavogi. Tilefnið er m.a. að eitt af þekktari verkum Sigurðar, Eggin í Gleðivík sem standa fyrir utan bræðsluna er 10 ára um þessar mundir. Lómurinn er einkennisfugl verksins og er hans egg stærst. Sýningin The Universe is a Poem verður án efa: L istræn, Ó hefðbundin, M ikilfengleg, U ndraverð, R óttæk.....eins og Eggin og umheimurinn.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Djúpavogshreppur	Miðstöð Cittaslow á Íslandi	Kr. 600.000.–

Djúpavogshreppur er í dag eina sveitarfélagið á Íslandi sem vinnur eftir hæglatís-stefnunni Cittaslow. Markmið og stefna hreyfingarinnar verður kynnt í nýju sameinuðu sveitarfélagi, Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Áfram verður unnið að verkefnum heimafyrir t.d. með því að setja upp fleiri nestisbekki, vatnskranu og leiðbeiningaskilti fyrir ferðamenn og fá listamenn til að myndskreyta rafmagnskassa.

Umsækjandi**Alona Perepelytsia****Verkefni****Dansskóli Austurlands
2020****Upphæð styrks****Kr. 2.000.000.–**

Organization and conducting of courses in classical and contemporary dance for children, teenagers and adults in Egilsstadir, Seydisfjordur and Reydarfjordur. Participation of DSA students in art events and festivals of the East region. Production of its own performances and shows. Engagement of choreographers from other regions and countries to teach different styles of dance. Purchases of essential dance studio equipment.

Umsækjandi**Sköpunarmiðstöðin svf.****Verkefni****Sköpunarmiðstöðin
á Stöðvarfirði****Upphæð styrks****Kr. 2.000.000.–**

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði er tilraunaverkefni um byggðapróun á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að marki að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi**Þór Túlinius****Verkefni****Sunnefa – leiksýning****Upphæð styrks****Kr. 2.000.000.–**

Sviðsetning á kvenna–tvíleik um Sunnefu Jónsdóttur, sem dæmd var til drekkingar á 18. öld. Hún varð fræg fyrir að rísa upp gegn yfirvaldinu á Þingvöllum 1743 og kenna barnið sem hún ól við raunverulegan föður þess, sýslumanninn Wíum, en ekki við bróður sinn eins og hún hafði áður verið þvinguð til að gera. Með lifandi tónlist, sviðshreyfingum, sterkum leik frábærra leikkvenna og góðum texta, kynnumst við raunasögu Sunnefu og samtímakvenna hennar sem var drekkt fyrir litlar og óréttmætar sakir.

Umsækjandi**Ferðamálasamtök
Vopnafjarðar****Verkefni****Rannsóknarsetur vatna–
vistkerfa á Vopnafirði****Upphæð styrks****Kr. 1.000.000.–**

Greining á kostnaði við að koma á fót Rannsóknarsetri vatnavistkerfa á Vopnafirði ásamt vinnslu viðskiptaáætlunar út frá henni og öðrum mikilvægum gögnum. Kynningarefni á íslensku og ensku verður unnið fyrir fjölmörg, væntanlega samstarfsaðila ss. rannsóknarstofnanir og háskóla, náttúruverndarsamtök og fjárfesta. Afurðir og niðurstöður verkefnisins nýtast sem grundvöllur að næstu skrefum sem tekin verða í átt að stofnun rannsóknarsetursins.

Umsækjandi

Ferðamálasamtök
Vopnafjarðar

Verkefnið snýst um að kanna möguleika og tækifæri á svæðinu til þess að skipuleggja ferðir fyrir Vestur-Íslendinga til Vopnafjarðar og nágrennis og kostnað við slíkar ferðir. Á hverju ári koma Vestur-Íslendingar til Vopnafjarðar og nágrennis og hugmyndin er að slíkar ferðir myndu þjóna þeim ferðamönnum. Einnig væri möguleiki að markaðssetja slíkar ferðir t.d. í gegnum Icelandic Roots. Með verkefninu væri lagður grunnur að ferðum fyrir þennan hóp sem hægt væri setja saman í framtíðinni.

Verkefni

Vestur-Íslendingaferðir

Upphæð styrks

Kr. 910.000.–

Umsækjandi

Gunnarsstofnun

Miðlun á stöðum á Austurlandi sem Skriðuklaustur hið forna átti og ferðaleiðum á milli þeirra á 16. öld með nýjustu tækni.

Verkefni

Flakkað um fornar slóðir

Upphæð styrks

Kr. 800.000.–

Umsækjandi

Gunnarsstofnun

Rithöfundalestin er samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum og kynna ný verk og höfunda.

Verkefni

Rithöfundalest um
Austurland

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Umsækjandi

Gunnarsstofnun

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á ferðaþjónustu á Upphéraði með sérstaka áherslu á afþreyingu og matarmenningu.

Verkefni

Afþreying og matar-
menning á Upphéraði

Upphæð styrks

Kr. 400.000.–

Umsækjandi**Fljótsdalshérað****Verkefni****LAND – Sumarsýning
MMF 2020****Upphæð styrks****Kr. 600.000.–**

Á Sumarsýningunni 2020 sem ber vinnuheitið LAND verður landið og landslagið okkar viðfangsefnið. Sýningin er samsýning nokkurra listamanna sem að allir eiga það sameiginlegt að nýta sér ljósmyndina sem miðil og viðfangsefnið er land og landslag.

Umsækjandi**Fljótsdalshérað****Verkefni****Við erum hér – pólskt vor****Upphæð styrks****Kr. 500.000.–**

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs ætlar að blása til pólskrar menningarhátíðar í Sláturhúsinu vorið 2020 þar sem fram munu koma pólskir listamenn sem að búsettir eru og starfa á Íslandi. Boðið verður upp á kvikmyndir, sviðslist, myndlist, tónlist og vinnustofur fyrir börn og fullorðna undir leiðsögn pólskra listamanna.

Umsækjandi**Fljótsdalshérað****Verkefni****Mitt líf – verkefni um
kvikmyndalæsi****Upphæð styrks****Kr. 275.000.–**

“Mitt líf” er tilraun til að efla kvikmyndalæsi barna í 8.–9.bekk grunnskóla. Veitt verður grunnfræðsla í kvikmyndagerð, persónusköpun og framvindu með það að markmiði að börnin skapi sjálf sína eigin heimildamynd.

Umsækjandi**Fljótsdalshérað****Verkefni****Þjóðleikur 2020
– undirbúningur****Upphæð styrks****Kr. 250.000.–**

Þjóðleikur á Austurlandi er leiklistarhátíð ungs fólks alls staðar af á Austurlandi. Leikhópar ungmenna æfa ný íslensk verk sem samin eru sérstaklinga fyrir hátíðina og koma loks saman í Sláturhúsinu og sýna hvert öðru, sem og öðrum áhorfendum, afraksturinn. Hátíðin nýtur vinsælda og er mikilvægur liður í sviðslistarþjálfun ungmenna á Austurlandi en þarfnast nú endurskipulagningar og eflingar með aðkomu fleiri aðila í landsfjórðungnum.

Umsækjandi**Félagsbúið****Lindarbrekka ehf.**

Von okkar er að þróa og prófa okkur áfram með að reykja og grafa gæsabringur, ærfille, hreindýrakjöt og fleira. Endalausir möguleikar eru með hvað hægt er að gera með þessi hráefni og viljum við ólm halda áfram að þróa þetta enn lengra. Þar sem að Djúpivogur er meðlimur í Cittaslow hreyfingunni væri spennandi ef hægt væri að finna hentugri pakkningar fyrir þetta heldur en plast og pappa.

Verkefni**Reykt og grafin matvæli****Upphæð styrks****Kr. 1.500.000.–****Umsækjandi****Geislar****Hönnunarhús ehf.**

Áframhaldandi tilraunaræktun á iðnaðarhampi á jörðinni Gautavík í Berufirði, bæði innan- og utandyra og vinnsla á vörum úr honum. Úr hampinum verða búnar til umhverfisvænar trefjaplötur til að nota sem hráefni í gjafavörur og módel leikföng sem eru framleidd á bænum, nokkrar tegundir heilsufæðis og hann notaður sem undirburður og fóður fyrir skepnur. Til að byrja með verður þetta tilraunaframleiðsla. Ef vel gengur verður skalað upp og valdar vörur settar á markað árið 2021, mögulega fyrr.

Verkefni**Hamprækt og úrvinnsla í Gautavík****Upphæð styrks****Kr. 1.500.000.–****Umsækjandi****Millifótakonfekt ehf.**

Eistnaflug er fagleg og rótgróin alþjóðleg tónlistarhátíð sem er stærsta sinnar tegundar á landinu.

Eistnaflug hefur rutt sér til rúms sem einn þýðingarmesti vettvangurinn fyrir íslenskar rokkhljómsveitir og einn eftirsóttasti rokkviðburður íslensks tónlistarlífs.

Með aðsókn erlendra gesta og aukinnar smáfyrirtæki úti í hinum stóra heimi þungarokksins hefur áhugi erlendra aðila á íslenskum hljómsveitum aukist til muna. Eistnaflug styrkir einnig og stendur við bakið á ungum og upprennandi hljómsveitum.

Verkefni**Eistnaflug 2020****Upphæð styrks****Kr. 1.500.000.–****Umsækjandi****Skógarafurðir ehf.**

Verkefni þetta á að gera okkur kleift að hefja framleiðslu á alíslenskum Baðtunnum (heitapottum) úr íslensku timbri sem og allt járnvirki svo sem kyndara, vatnstúta og brakket undir bekkjum ofl. Þrjú íslensk smáfyrirtæki koma að framleiðsluni í þrem ólíkum sveitafélögum. Þessi fyrirtæki eru öll sérútbúin fyrir sitt svið og saman í heild náum við að framkvæma þetta á hagkvæman máta. Síðan munum við skoða framleiðslu á sauna-tunnum í framhaldi þegar þetta er komið í verk.

Verkefni**Alíslensk baðtunna****Upphæð styrks****Kr. 1.400.000.–**

Umsækjandi**Félag áhugafólks um
fornleifarannsóknir****Verkefni****Fornleifarannsóknir á
Stöð í Stöðvarfirði****Upphæð styrks****Kr. 1.300.000.–**

Á Stöð í Stöðvarfirði er verið að rannsaka rústir a.m.k. tveggja skála frá landnámi, því undir skála frá níundu öld, hafa fundist leifar af eldra húsi. Verkefni þessa árs er að klára rannsóknir á yngri skálanum og leita að húsi sunnan við skálann sem þar kann að vera.

Stöð gæti varpað nýju ljósi á upphaf landnáms hér á landi og hvernig byggðin fór frá því að vera árstímabundin útstöð frá N–Evrópu í fasta búsetu á bænum sem þarna stóð.

Umsækjandi**Minjasafn Austurlands****Verkefni****Kjarvalshvammur
– þriðji áfangi****Upphæð styrks****Kr. 500.000.–**

Í Kjarvalshvammi í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá stendur sumarhús Jóhannesar Kjarval listmálara. Þar dvaldi Kjarval mörg sumur og málaði mörg af sínum frægustu verkum. Minjasafn Austurlands hefur umsjón með hvamminum og hefur á undanförnum árum staðið fyrir umtalsverðu viðhaldi á húsinu til að tryggja varðveislu þess um ókomna tíð.

Umsækjandi**Minjasafn Austurlands****Verkefni****Hreindýradraugur III
– verk François Lelong****Upphæð styrks****Kr. 500.000.–**

Franski sjónlistamaðurinn François Lelong opnar sýningu með verkum sínum í Minjasafni Austurlands 17. júní 2020. Verkin eru innblásin af hreindýrum og tengslum þeirra við náttúru og mannlíf á Austurlandi og kallast þannig á við grunnsýningu Minjasafnsins, Hreindýrin á Austurlandi.

Umsækjandi**Minjasafn Austurlands****Verkefni****Valþjófsstaðahurðin –
sköpun í nútíð og framtíð.****Upphæð styrks****Kr. 300.000.–**

Í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, býður Minjasafn Austurlands grunnskólum að koma með nemendahópa í smiðjur þar sem unnið verður með einn merkasta grip Íslendinga, Valþjófsstaðahurðina frá Valþjófsstað í Fljótsdal. Nemendur fá fræðslu um hurðina, sögu hennar, rannsóknir á henni og gildi hennar fyrir Austurland og landið allt. Í framhaldinu verður þeim boðið að koma í skapandi smiðju þar sem unnið verður með myndmál og sögu hurðarinnar með skapandi hætti.

Umsækjandi**Íris Birgisdóttir****Verkefni****Að breyta fjalli****Upphæð styrks****Kr. 1.000.000.–**

“Að breyta fjalli” – Viðarleikfang/stofustáss úr austfirsku timbri, með skírskotun í samnefnda bók Stefáns Jónssonar. Leikfangið samanstendur af Búlandstindum í mismunandi stærð, sem falla saman í einn stóran en er hægt að raða á mismunandi hátt og þar með “breyta fjalli”. Verkefnið miðar að því að fullvinna vöruna og koma í sölu fyrir árslok 2020.

Umsækjandi**Mjóeyri ehf****Verkefni****Austurland Freeride
Festival****Upphæð styrks****Kr. 1.000.000.–**

Austurland Freeride Festival er ný fjallaskíða/brettahátið sem haldin verður í Fjarðabyggð daganna frá 27. febrúar til 1. mars. Áhersla er lögð á að njóta náttúrunnar í Austfirsku ölpunum undir leiðsögn vanra staðkunnra fjallamanna. Hátíðin er bæði hugsuð fyrir byrjendur á fjallaskíðum/brettum og fyrir vana einstaklinga. Byrjenda-námskeið verður á hátíðinni og skíðaferðir fyrir lengra komna. Ýmis konar menningarviðburðir verða í gangi á svæðinu eins og tónleikar, kvöldvökur og matarupplifanir.

Umsækjandi**Tónlistarmiðstöð
Austurlands****Verkefni****Tónleikaröð í Sköpunar-
miðstöð Stöðvarfjarðar****Upphæð styrks****Kr. 1.000.000.–**

Tónleikaröðin í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði er einstakt verkefni þar sem áhersla verður lögð á nýjar hljómsveitir og tónlistarfólk í íslensku tónlistarlífi sem hefur getið sér gott orð á Íslandi og erlendis. Í Sköpunarmiðstöðinni er eitt fullkomna hljóðupptökustúdíó landsins og vekur tónleikaröðin athygli á því ásamt því sem að boði verður upp á tónlist fyrir íbúa á svæðinu. Einnig gefst ungum og efnilegum hljómsveitum tækfæri á að koma fram.

Umsækjandi**Travel East Iceland ehf.****Verkefni****Stefnumót við
Austurland****Upphæð styrks****Kr. 1.000.000.–**

Verkefnið “Stefnumót við Austurland” er fólgandi því að nálgast tuttugu erlendar ferðaskrifstofur og fá þær til samstarfs í vörubrúun og sölu ferða um Austurland fyrir sína viðskiptavini. Áhersla verður á ferðir á sviði hægferðaþjónustu, útivistarferða, einkaferða og endurnæringarferða.

Verkefnið virkjar kraft í náttúru og mannauði Austurlands með því að þróa og selja gæðaferðir, byggðar á innviðum, fjárfestingum og hugmyndum á svæðinu og bætir því rekstur og arðsemi ferðaþjónustufyrirtækja.

Umsækjandi

Óbyggðasetur ehf.

Verkefni

Fræðslustígur fyrir börn
– Náttúra og saga.

Upphæð styrks

Kr. 950.000.–

Verkefnið snýst koma upp fræðslustíg á útisvæði setursins. Rétt eins og í innisýningunni þá munum við vinna útisvæðið/fræðslustíginn á lifandi og skapandi hátt til að miðla á aðgengilegan og skemmtilega máta tengslum manns og náttúru. Stefnt er að því að á útisvæðinu séu um 10 stöðvar sem skapa virka þátttöku gesta. Þó miðað sé inn á börn, þá er markmiðið að verkefnið muni nýtast öllum gestum.

Umsækjandi

Teiknistofan AKS sf.

Verkefni

Í átt að fullnýtingu
framleiðsluefnis

Upphæð styrks

Kr. 900.000.–

Verkefnið felur í sér hönnun og framleiðslu minjagripa úr afgangsefni sem annars færi til spillis. Varan verður innblásin af sögu, menningu og náttúru Austurlands. Hún verður kærkomin viðbót við smásölu til ferðamanna þar sem hún verður einstök og getur verið þessi litil minjagripur sem ferðmenn vilja eiga eða senda sínum vinum til minninga.

Verkefnið kemur til með að stuðla að fullnýtingu framleiðsluefnis og draga úr sóun auk þess að styrkja fjölbreytt heilsársstörf á Austurlandi.

Umsækjandi

Halla Eiríksdóttir

Verkefni

Hönnun þjónustu fyrir
gesti og ferðamenn

Upphæð styrks

Kr. 800.000.–

Á Efra- Jökuldal hefur skapast tækifæri til að reka þjónustu fyrir ferðamenn í tengslum við Stuðlagil. Sauðfjárþúskaþur í núverandi formi skilar ekki nægilega mikilli framlegð og þarf að auka virði afurða eða svæðis. Nú þegar er ljóst að það er þörf fyrir aðstöðu, sölu veitinga, gistingu og afþreyingu. Allir þessir kostir geta farið saman við sauðfjárþúskaþur og því er nauðsynlegt að forgangsráða verkefnum. Áskorun íbúa á Jökuldal felst í að mæta þessum aukna ferðamannastraumi á svæðinu.

Umsækjandi

Holt og heiðar ehf

Verkefni

Eftirréttasósur

Upphæð styrks

Kr. 800.000.–

Markmiðið er að framleiða eftirréttasósur þar sem hráefnið til framleiðslunnar er fengið úr náttúru Íslands einkum úr skógum. Nýsprottar trjáa, ber og jurtir verða nýtt til framleiðslunnar. Áhersla verður lögð á hreinleika og umhverfisvænar umbúðir.

Umsækjandi**Jón Þórðarson****Verkefni****Samfélagsmiðstöðin
Fjarðarborg****Upphæð styrks****Kr. 800.000.–**

Sótt er um styrk til ráðningar starfsmanns sem mun móta hugmyndafræði og umgjörð um samfélagsmiðstöð í Fjarðarborg, félagsheimili Borgfirðinga. Ætlunin er að auka nýtingu Fjarðarborgar utan háannatíma með það að markmiði að auðga atvinnu- og menningarlíf staðarins og vera klaksetur góðra hugmynda. Breytingin mun ekki hafa áhrif á þá starfsemi sem þegar er í húsinu. Samfélagsmiðstöð er nýjung á Austurlandi og er horft til starfsemi Blábankans á Þingeyri og sambærilegra miðstöðva á Norðurlöndunum.

Umsækjandi**Tæknimínjasafn
Austurlands****Verkefni****Endursk. á faglegu starfi
og rekstrargrundvelli****Upphæð styrks****Kr. 800.000.–**

Sótt er um styrk fyrir fyrsta áfanga í endurskoðun á faglegum og rekstrarlegum grundvelli sem unnið verður af safnstjóra, sérstökum verkefnisstjóra auk vinnuhóps, skipuðum sérfræðingum og hagaðilum, hvers hlutverk yrði fagleg ráðgjöf, hugmynda- vinnu, hvatning og aðhald við þessa vinnu. Afrakstur þessarar vinnu á að vera uppfærð hugmyndaskýrsla þar sem fjárhagsáætlun, drög að fjárfestingaáætlun, ástands- könnun húsnæða, mat á faglegu starfi safnsins er varðar söfnun, varðveislu, rannsóknunum og miðlun.

Umsækjandi**Listdans á Austurlandi,
félagasamtök****Verkefni****Dansstúdíó Emelíu****Upphæð styrks****Kr. 790.000.–**

Dansstúdíó Emelíu mun bjóða upp á námskeið í listdansi fyrir börn og ungmenni á aldrinum 2–18 ára á Austurlandi sumarið 2020. Námskeiðin verða haldin í júní á Egilsstöðum og Reyðarfirði, kennt verður í aldursskiptum hópum. Námskeiðin enda með uppskerusýningu nemenda á báðum stöðum. Skráning fer fram í gegnum heimasíðu verkefnisins www.dansstudioemeliu.is.

Umsækjandi**Bláa Kirkjan
sumartónleikar****Verkefni****Sumartónleikaröð Bláu
kirkjunnar 2020–2021****Upphæð styrks****Kr. 750.000.–**

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 og hefur því verið haldið út í 22 ár. Um er að ræða tónleika sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudags- kvöldum á sumrin. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari músík. Tónleikaröðin er gríðarlega mikilvægur menningarviðburður fyrir heimamenn sem og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim á sumrin.

Umsækjandi**Lilja Sigurðardóttir****Verkefni****Krydd náttúrunnar****Upphæð styrks****Kr. 750.000.–**

Verkefni þetta miðar að því að nýta villtar jurtir í náttúru Austurlands til gerðar á ýmsum kryddum. Í fyrstu er stefnt á að vinna með blóðberg, birkilauf og sveppi en þróa síðan áfram vörurnar og auka fjölbreytni. Eftir týnslu verða jurtirnar þurrkaðar muldar niður og pakkaðar í umhverfisvænar fjölnota umbúðir. Neytendur geta þá keypt áfyllingu á kryddin eftir að hafa keypt umbúðir einu sinni.

Umsækjandi**Sölumiðstöð Húss
Handanna ehf.****Verkefni****IN MEMORIAM
– Saklaust fólk****Upphæð styrks****Kr. 750.000.–**

Hús Handanna á Egilsstöðum stofnar til samstarfs við hönnuði og listafólk á hverju ári í því skyni að hanna menningartengdar vörur og eða vörur úr staðbundnu hráefni. Á árinu 2020 verða hannaðar vörur í minningu fólks sem dæmt var saklaust á fyrri hluta 18. aldar á Fljótisdalshéraði. Flestir kannast við söguna af Valtýr á grænni treyju og sorgarsögu Sunneifu Jónsdóttur frá Geitavík í Borgarfirði eystra. Vörur verða hannaðar í samstarfi við Heiðísi Höllu Bjarnadóttur grafiskan hönnuð í Duodot.

Umsækjandi**Torvald Gjerde****Verkefni****Tónlistarstundir 2020****Upphæð styrks****Kr. 750.000.–**

Tónleikaröð, 6 sumartónleikar: 4 í Egilsstaðakirkju og 2 í Vallanesskirkju í júní og byrjun júlí 2018. Fram koma fyrst og fremst tónlistarmenn frá Austurlandi en einnig frá öðrum hlutum landsins.

Fyrsta sumar sem tónleikaröðin var haldin var 2002 og hefur samfelld verið haldin hvert sumar síðar og hafa fleiri hundruð tónlistarmenn samtals komið fram á tónleikunum.

Umsækjandi**Þórarinn Bjarnason****Verkefni****Smíði gróðurhúsa úr
innlendum víði.****Upphæð styrks****Kr. 650.000.–**

Smíða og hanna ræktunarrhús úr íslenskum skógarvið. Húsin yrðu úr límtré og framleidd í mismunandi stærðum. Einnig væri boðið upp á uppsetningu og leiðsögn við nýtingu húsanna. Boðið væri upp á leiðbeiningar við ræktun á matjurtum og öðrum plöntum sem henta ræktun í gróðurhúsum. Húsin þjóna líka sem staður til að slaka á, íhuga og fleira.

Umsækjandi

**Hringleikur
– sirkuslistafélag**

Sirkuslistafélagið Hringleikur stendur fyrir námskeiðum og sýningum á menningar-
hátíðinni BRAS, auk þess að vinna að nýju sirkusverki í Sköpunarmiðstöðinni á
Stöðvarfirði, sem innblásið er af veðri og náttúrutengingu á svæðinu.

Verkefni

**Sirkus á Austurl. Smiðjur
og sýningar á BRAS**

Upphæð styrks

Kr. 600.000.–

Umsækjandi

**Myndlistarsafn Tryggva
Ólafssonar Neskaupstað**

Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar, sjálfseignarstofnun var stofnað 24. ágúst 2007. Frá
stofnun hefur safnið vaxið mikið og á yfir 400 myndir í góðri geymslu. Auk þess bækur,
kort og fleira tilheyrandi listamanninum. Sýning er ávallt uppi í góðu húsnæði Safna-
hússins og nýtur sín vel. Safnið gefur mjög góða mynd af ferli og ævistarfi. Sérstök
sýning er fyrirhuguð árið 2020 í tilefni af því að listamaðurinn hefði orðið áttæður
á árinu. Einnig verður sett upp vefsíða fyrir safnið.

Verkefni

**Myndlistarsafn Tryggva
Ólafssonar**

Upphæð styrks

Kr. 600.000.–

Umsækjandi

Blábjörg ehf.

Árið 2020 hefst framleiðsla og þróun á landa og gini í Gamla kaupfélaginu á Borgar-
firði eystra. Framleiðsla á landa sem hefur verið bruggaður í mörgum kjöllumur í
gegnum tíðina ásamt því mun saga drykkjarins fá gott pláss í húsinu. Samhliða því
verður farið í að framleiða Borgfirskt gin ásamt frekari vöruþróun og markaðs-
setningu. Endurbætur á Gamla kaupfélaginu eru hafnar og verður brugghúsið
staðsett þar. Stefnt er á að gamla Kaupfélagshúsið verði miðstöð upplýsinga um
landann og KHB.

Verkefni

**Vöruþróun á eimuðu
áfengi**

Upphæð styrks

Kr. 550.000.–

Umsækjandi

Jökuldalur slf.

Ekki eru til „réttar“ upplýsingar um Stuðlagil á einum stað á internetinu. Þær skrifuðu
leiðbeiningar eða upplýsingar sem eru á netinu eru komnar frá ferðamönnum sjálfum,
ferðabloggurum, kostuðum pennisum eða bæklingum sem jafnvel eru skrifaðir af
vanþekkingu. Í ljósi þess að tugþúsundir ferðamanna heimsækja svæði sem stendur
nær hálendi en láglandi er afar mikilvægt að komið verði upp vefsíðu um svæðið.
Jafnframt er mikilvægt að geta sett upp talningabúnað til að fá réttar upplýsingar.

Verkefni

**Upplýsingaöflun og
miðlun við Stuðlagil**

Upphæð styrks

Kr. 550.000.–

Umsækjandi

Anna Kolfinna Kuran

Verkefni

Yfirtaka á Austurlandi

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

„Yfirtaka“ er 40 mínútna dansverk þar sem fjöldi kvenna á öllum aldri taka yfir rými gegnum áhrifaríka athöfn með kóreógrafíu og raddbeitingu. Sýningarrýmið fyllist smám saman af rauðklæddum kvenlíkómum. Kyrjandi kvenraddir og seiðandi kvenorka skapa marglaga og lifandi konulandslag. Konurnar standa kyrrar, horfa í augu áhorfenda og eigna sér rýmið með líkómum sínum og röddum. Verkið er í senn viðkvæmt og sterkt eins og kröftug undiralda með dulúðlegu yfirbragði.

Umsækjandi

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

Verkefni

Útgáfa ljóðabóka árið 2020

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út þrjár ljóðabækur árið 2020.

1. Ljóðabókin Ég skal segja ykkur það eftir Sólveigu Björnsdóttur, Laufási í Hjalta-staðaþinghá. Bókin verður sú tuttugasta í flokknum Austfirsk ljóðskáld.
2. Ljóðabók eftir Guðnýju Árnadóttur (Skáld–Guðnýju), lítt þekkt austfirska 19. aldar skáldkonu.
3. Ljóðabókin Blána höf og lendur eftir Karlínu Friðbjörgu Hólm frá Seyðisfirði.

Umsækjandi

Holan æfingaraðstaða, félagasamtök

Verkefni

Holan æfingaraðstaða fyrir hljómsveitir

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Holan er fullbúin hljómsveitaræfingaraðstaða þar sem einnig verður hægt að taka upp hljóð og myndvinnsluáðstaða opin fyrir alla, með áherslu á vera með fullbúna æfingaraðstöðu, sem er opin öllum og fólk getur æft án þess að þurfa að kaupa sér dýr hljóðfæri.

Umsækjandi

Mamúni ehf.

Verkefni

Porcelain jewellery collection

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

The Porcelain Studio was established in 2019 in Borgarfjörður eystri and started production in the latter part that year. We have already started to work on a new porcelain jewellery collection and we plan to present it in the spring of 2020. The main goals for this year is to increase brand awareness for the products of the Studio here in Iceland as well as helping people in the area to recognize the value of art and design products made of porcelain.

Umsækjandi

**Pórunn Björg
Halldórsdóttir**

Verkefni

**Raddir innflytjenda
á Austurlandi**

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Rauði krossinn leggur áherslu á málefni innflytjenda í starfi sínu og aðstoðar þá með ýmsum hætti við að fóta sig í íslensku samfélagi.

Markmið þessa verkefnis er að auka upplýsingagjöf til þessa hóps og þannig fræða innflytjendur um samfélagið og samtímis að auka skilning og vitund heimamanna á aðstæðum innflytjenda. Tilgangurinn er að stuðla að velheppnaðri aðlögun innflytjenda að austfirsku samfélagi þar sem kraftar þeirra og hæfileikar eru nýttir til fulls.

Umsækjandi

**Vesturfarinn,
áhugamannafélag**

Verkefni

Á meðan við siglum...

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Á þessum tímum var fátækt fólk á Íslandi ennþá bundið vistarböndum þrátt fyrir laga-breytingu fyrir 1870. Efnahagur Íslands, vistarbönd og lífskjör í tengslum við vestur-fara verður nýr hluti af sýningu.

Sýndar verða ferðasögur vesturfara en myndir og textar verða með. Notuð verða eigin orð vesturfara um upplifun ferðarinnar vestur yfir hafið og lönd, barna sem og fullorðinna og jafnvel sögur þeirra sem að komust ekki alla leið vestur.

Umsækjandi

William Óðinn Lefever

Verkefni

**Lefever sauce co.
– Lokafasi**

Upphæð styrks

Kr. 500.000.–

Markmið þessa verkefnis er að festa Lefever sauce company í sessi sem eina íslenska framleiðslu fyrirtækið sem framleiðir hággæða "hot sauce" chilisósus, ásamt öðrum vörum út chili. Verkefnið felst í því að byggja upp nærveru í hugum landsmanna með markvissri kynningarherferð. Einnig verður lögð mikil áhersla á markaðsetningu til bæði stórra og smárra söluaðila til þess að tryggja sem flesta sölu- og dreifingaraðila um land allt.

Umsækjandi

Hildur Bergsdóttir

Verkefni

**Hjartaslóð ígrundunar-
og samræðustokkar**

Upphæð styrks

Kr. 400.000.–

Ígrundunar- og samræðustokkar Hjartaslóðar eru fyrir alla þá sem hafa áhuga á að auka sjálfsþekkingu sína, og/eða eiga í djúpum og innihaldsríkum samræðum við einhvern sem stendur hjarta þeirra nærri.

Þeir geta meðal annars nýst á eftirfarandi hátt: Innblástur í persónulegum dag-bókarskrifum / Innri íhugun / Efniviður í íhugula gönguferð í fallegri náttúru / Verkfæri til að dýpka samræður tveggja hjartna / Í hópavinnu til að dýpka tengsl og efla sjálfsþekkingu, samskipti og náttúruvitund.

Umsækjandi

Ásgeir Þórhallsson

Verkefni

Kjarval og Dyrfjöllin,
enskur undirtexti

Upphæð styrks

Kr. 175.000.–

Styrkur til að þýða heimildarmyndina Kjarval og Dyrfjöllin á ensku. En þetta er heimildarmynd með leiknum senum eftir Ásgeir Hvítaskáld. Í 20 sumur kom Kjarval í Kjarvalshvamm í Hjaltastaðapinghá á Austurlandi til að mála. Fyrstu tvö sumrin bjó hann í tjaldi en svo lét hann byggja lítið sumarhús. Hann heillaðist af fegurð náttúrunnar í kringum hvamminn enda hafði hann sérstaka tengingu við náttúruna og þarna málaði hann mörg fræg verk.

Uppbyggingarsjóður Austurlands



List í ljósi er einstök vetrarhátíð sem hlaut Eyrarrósina í febrúar 2019 og fagnar sínu fimmta ári í febrúar 2020. List í ljósi tekur á móti erlendum og innlendum listamönnum ár hvert sem koma með eða búa til listaverk á staðnum sem dreifast utandyra um allan Seyðisfjarðarbæ.

Markmið þessa verkefnis er að festa Lefever sauce company í sessi sem eina íslenska framleiðslu fyrirtækið sem framleiðir hágæða "hot sauce" chilísósur, ásamt öðrum vörum út chili. Verkefnið felst í því að byggja upp nærveru í hugum landsmanna með markvissri kynningarherferð.



Austurland Freeride Festival er ný fjallaskíða/ brettahátíð sem haldin verður í Fjarðabyggð dagana 27. feb. til 1. mars. Áhersla er lögð á að njóta náttúrunnar í Austfirsku ölpunum undir leiðsögn vanra staðkunnra fjallamanna.

